

30. janúar 2007

Afkoma Glitnis banka hf. árið 2006
Hagnaður samstæðu 38,2 milljarðar króna eftir skatta
Arðsemi eigin fjár 39,4%
Hagnaður á fjórða ársfjórðungi 9,3 milljarðar króna

Helstu niðurstöður uppgjörs Glitnis banka hf. árið 2006 eru þessar:

- Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi var 9,3 milljarðar samanborið við 8,8 milljarða á þriðja ársfjórðungi 2006. Hagnaður eftir skatta var 38,2 milljarðar árið 2006 samanborið við 18,9 milljarða árið 2005, aukning um 102%.
- Hagnaður fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 11,6 milljörðum, samanborið við 10,4 milljarða á þriðja ársfjórðungi. Hagnaður fyrir skatta var 46,3 milljarðar árið 2006, samanborið við 23,1 milljarð 2005.
- Árið 2006 myndaðist 45% af hagnaði bankans fyrir skatta af starfsemi utan Íslands eða 20,7 milljarðar af 46,3 milljörðum.
- Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi voru 8,4 milljarðar og höfðu aukist um 37% samanborið við 4. ársfjórðung 2005 þegar þær námu 6,1 milljarði. Hreinar vaxtatekjur voru 9,3 milljarðar á þriðja ársfjórðungi árið 2006. Hreinar vaxtatekjur voru 37,1 milljarður árið 2006, samanborið við 22,4 milljarða árið 2005.
- Þóknunatekjur á fjórða ársfjórðungi 2006 námu 10,3 milljörðum og jukust úr 2,9 milljörðum á fjórða ársfjórðungi árið 2005. Þóknunatekjur voru 5,0 milljarðar á þriðja ársfjórðungi 2006. Þóknunatekjur námu 26,5 milljörðum árið 2006, samanborið við 8,8 milljarða 2005, aukningin um 202%.
- Hagnaður á hlut var 0,64 krónur á fjórðungnum og 2,68 krónur á árinu öllu.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli var 39,4% en var 30% árið 2005. Arðsemi eiginfjár eftir skatta án gengishagnaðar á ársgrundvelli var 34%.
- Heildareignir jukust um 774 milljarða króna á árinu, eða 53%, í 2.246 milljarða. Þar af námu lán til annarra en lánastofnana 1.583 milljörðum króna og höfðu aukist um 484 milljarða eða 44%. Vöxturinn endurspeglar að hluta til gengislækkun íslensku krónunnar. Ef frá eru talin áhrif þeirrar lækkunar er vöxturinn 20% árið 2006 og 7% á fjórða ársfjórðungi árið 2006.
- Alþjóðleg skuldabréfaútgáfa nam um 4,9 milljörðum evra árið 2006 samanborið við 6,0 milljarða evra árið 2005.
- Innlán sem bankinn hóf að taka við í Bretlandi í október námu 45 milljörðum króna í árslok. Um er að ræða heildsöluinnlán til allt að þriggja ára.
- Eignir í stýringu jukust um 42% á árinu 2006 og eru 490 milljarðar króna.
- Viðbótarálagning skatta á fjórða ársfjórðungi nam 589 milljónum króna. Álagningin stafar af mismunandi túlkun Glitnis og skattayfirvalda á reglum um skattalegan samruna í tengslum við samruna við Framtak fjárfestingarbanka árið 2004. Glitnir mun áfrýja ákvörðuninni.
- Eigið fé jókst um 73% frá árslokum 2005 og nam 146,1 milljarði króna í lok desember. Eiginfjárlutfall á CAD grunni var 15,0%, þar af A-hluti 10,8%.

Bjarni Ámannsson, forstjóri Glitnis. “Árið 2006 var það besta í sögu bankans. Hagnaður eftir skatta tvöfaldaðist frá árinu 2005 sem þó var metár. Öll afkomusvið skiluðu mjög góðum hagnaði sem sýnir hve sterkar stoðir bankans eru. Á árinu hélt vöxtur bankans áfram með samblandi af innri vexti og yfirtökum sem falla að stefnu hans. Afkoman einkenndist af afburðargóðum vexti þóknunatekna, en þær meira en þrefaldast á milli ára. Á fjórða ársfjórðungi voru þóknunatekjur í fyrsta sinn hærri en hreinar vaxtatekjur sem undirstrikar þær breytingar sem urðu á samsetningu tekna á árinu 2006. Starfsfólk bankans hefur enn einu sinni sýnt frábæra frammistöðu og hluthafar hafa veitt mikinn stuðning á árinu. Þessi niðurstaða leggur grunninn að áframhaldandi þróun og vexti í samræmi við stefnu bankans.”



Nánari upplýsingar veita:

Bjarni Ármannsson
forstjóri
sími: 440 4005

Tómas Kristjánsson
framkvæmdastjóri Fjármálasviðs
sími: 440 4656

Vala Pálsdóttir
Forstöðurmaður fjárfestatengsla
sími: 440 4989 eða vp@glitnir.is

Reikninga Glitnis er að finna á slóðinni www.glitnir.is

1. Afkoma samstæðu

1.1. Helstu niðurstöður rekstrarreiknings

m.kr.	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	2006	2005
Hreinar vaxtatekjur	8.422	9.310	11.526	7.826	37.084	22.351
Nettó iðgjöld	0	0	0	0	0	229
Hreinar þjónustutekjur	10.343	4.955	5.534	5.626	26.459	8.773
A róstekjur	0	0	11	0	11	0
Hreinar tekjur/(gjöld) af veltufjáreignum/veltufjárskuldum	2.224	223	203	3.348	5.998	3.994
Hagnaður/(Tap) af öðrum fjáreignum á gangvirði	500	393	573	632	2.097	491
Innleystur hagnaður af fjáreignum til sölu	0	2	-2	0	0	181
Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnarreikningsskila	-97	4	-87	-4	-185	-59
Hreinn gjaldeyrismunur	239	278	249	-185	581	-179
Aðrar rekstrartekjur	232	107	170	47	556	631
Hreinar rekstrartekjur	21.863	15.271	18.176	17.290	72.601	36.411
Laun og launategnd gjöld	-5.097	-3.670	-3.626	-3.354	-15.747	-8.848
Afskriftir rekstrarfjármuna	-192	-176	-154	-139	-662	-481
Annar rekstrarkostnaður	-3.416	-2.585	-2.513	-2.379	-10.892	-6.401
Rekstrarkostnaður	-8.705	-6.431	-6.293	-5.872	-27.301	-15.731
Virðisryrnun	-1.653	-328	-1.354	-1.424	-4.759	-2.205
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og samrekstri	75	69	140	1.187	1.470	1.263
Hagnaður af sölu eigna	15	1.785	2.444	0	4.245	3.323
Hagnaður fyrir skatta	11.596	10.366	13.114	11.180	46.256	23.060
Tekjuskattur	-2.279	-1.563	-2.101	-2.082	-8.025	-4.175
Hagnaður ársins	9.317	8.803	11.013	9.097	38.230	18.886

Hagnaður

Hagnaður Glitnis nam 46.256 m.kr. fyrir skatta árið 2006 og 11.596 m.kr. á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður fyrir skatta jókst um 101% frá árinu 2005, þegar hann nam 23.060 m.kr.

Hagnaður eftir skatta var 38.230 m.kr. árið 2006, þar af nam hagnaður eftir skatta 9.317 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 samanborið við 3.527 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2005.

Hagnaður á hvern hlut nam 0,64 krónum á fjórða ársfjórðungi og 2.68 á árinu öllu. Þetta er 81% aukning frá árinu 2005 þegar hagnaður nam 1.48 krónum á hlut.

Arðsemi og hagsauki

Arðsemi eigin fjár var 39,4% eftir skatta á árinu samanborið við 30% á sama tímabili árið 2005. Arðsemi eiginfjár eftir skatta án gengishagnaðar á ársgrundvelli var 34% á tímabilinu.

Hagsauki samstæðunnar nam 26.029 m.kr., samanborið við 11.435 m.kr. árið 2005. Hagsauki er leiðréttur hagnaður eftir skatta að frádregnum kostnaði við það eigið fé sem bundið er í rekstrinum. Bankinn áætlar að ávöxtunarkrafa markaðar til eigin fjár bankans sé 12,5%.

Tekjur

Hreinar vaxtatekjur jukust um 66%, námu 37.084 m.kr. á árinu. Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi námu 8.422 m.kr. samanborið við 6.140 milljónir á 4. ársfjórðungi 2005. Verðbólga á fjórða ársfjórðungi var 0,8% á ársgrundvelli, samanborið við 7,3% verðbólgu á árinu öllu.

Vaxtamunur á tímabilinu var 2,0% árið 2006 og 1,7% á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 1,7% á 4. ársfjórðungi 2005. Vaxtamunur á Íslandi verður fyrir áhrifum frá verðbólguþingi.

Hreinar þóknatekjur námu 26.459 m.kr. á árinu 2006, aukning um 202% frá árinu 2005 þegar þær námu 8.774 m.kr. Hreinar þóknatekjur námu 10.343 m.kr. á 4. ársfjórðungi 2006 en voru 2.908 m.kr. á 4. ársfjórðungi árið 2005.

Arðstekjur af auðseljanlegum eignum voru 11 m.kr. á árinu 2006. Arður af viðskiptum með hlutabréf og eignum á gangvirði er nú hluti af hreinum söluhagnaði og hreinum hagnaði af öðrum fjármagnseignum á gangvirði.

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum námu 5.999 m.kr. á árinu, samanborið við 3.994 m.kr. árið 2005. Heildaráhrif afleiða voru 4.688 m.kr., hagnaður vegna verðbréfa var 2.334 m.kr. og tap vegna skuldabréfa 1.024 m.kr. Afkoman á fjórða ársfjórðungi samsvarar nettó tekjum upp á 2.224 m.kr. samanborið við 186 m.kr. tap á 4. ársfjórðungi árið 2005.

Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði voru 2.097 m.kr. á árinu 2006. Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnareikningsskila voru neikvæðar um 185 m.kr og hreinn gjaldeyrismunur var jákvæður um 581 m.kr.

Aðrar rekstrartekjur námu 232 m.kr. á 4. ársfjórðungi og 556 m.kr. á árinu, samanborið við 631 m.kr. á árið 2005.

Gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 15.747 m.kr. á árinu 2006 og 5.097 m.kr. á ársfjórðunginum. Laun og launatengd gjöld námu 8.848 m.kr. á árinu 2005. Meðalstöðugildi samstæðunnar voru 1.500 á 4. ársfjórðungi samanborið við 1.483 meðalstöðugildi á fjórðunginum á undan og 1.136 á 4. ársfjórðungi 2005.

Afskriftir rekstrarfjármuna námu 662 m.kr. það sem af er árinu, sem er 38% hækkun frá sama tímabili árið áður.

Annar rekstrarkostnaður nam 10.643 m.kr. árið 2006 og var 3.191 m.kr. á ársfjórðungnum, 81% aukning frá 4. ársfjórðungi 2005 þegar rekstrarkostnaður nam 1.425 m.kr. Gjöld af fastafjármunum til sölu námu 249 m.kr. á árinu.

Alls nam rekstrarkostnaður ársins því 27.301 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 15.731 m.kr. á sama tímabili árið áður. Rekstrarkostnaður nam 8.705 milljónum króna á 4. ársfjórðungi 2006, samanborið við 6.431 milljón á 3. ársfjórðungi 2006.

Aðrir liðir

Virðisrýrnun, útlána, krafna og viðskiptavildar, nam 4.759 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 2.205 m.kr. á árinu 2005. Þar af var framlag í almenna afskriftareikninga 1,536 m.kr. og framlag í sértæka afskriftareikninga 3,223 m.kr.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagana nam 1.470 m.kr. samanborið við 1.263 milljónir króna árið 2005 og er skýringin sú að Sjóvá taldist sem hlutdeildarfélag fyrstu 4 mánuði ársins 2006.

Hagnaður af sölu eigna var 4.245 m.kr. samanborið við 3.323 m.kr. árið 2005.

Hlutfall kostnaðar af tekjum árið 2006 var 38%, samanborið við 36% á sama tímabili 2005. Markmið samstæðunnar er að halda kostnaðarhlutfallinu fyrir neðan 45% á ársgrunvelli.

Reiknaður tekjuskattur nemur 8,025 m.kr., samanborið við 4,175 m.kr. árið 2005. Tekjuskattur á 4. ársfjórðungi nam 2.279 m.kr. samanborið við 1.563 m.kr. á þriðja ársfjórðungi. Í desember ákvörðuðu skattayfirvöld að bankinn skyldi sæta viðbótarálagningu skatta sem næmi 589 m.kr. (að meðtöldum sektum) vegna samruna við Framtak fjárfestingarbanka árið 2004. Álagningin stafar af mismunandi túlkun Glitnis og skattayfirvalda á reglum um skattalegan samruna í tengslum við samruna við Framtak fjárfestingarbanka árið 2004. Ákvörðuninni verður áfrýjað en öll upphæðin er færð til gjalda á rekstrarreikningi í desember.

1.2. Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

Eignir

Heildareignir Glitnis námu 2.246 milljörðum króna í lok desember og hafa vaxið um 53% eða 774 milljarða frá árslokum 2005. Þar af námu heildareignir Viðskiptabankasviðs í Noregi 672 milljörðum.

Sjóðsigildi og innstæður í Seðlabanka námu 20 milljörðum króna í lok desember en voru 21 milljarður króna í lok ársins 2005.

Lán og kröfur námu 1.760 milljörðum króna í lok árs og höfðu aukist um 50% á árinu. Um 61% af heildarútlánunum Glitnis í lok desember eru til viðskiptavina utan Íslands. Lán til annarra en lánastofnana námu 1.583 milljörðum króna og höfðu aukist um 484 milljarða eða 44% árið 2006. Ef frá eru talin áhrif gengislækkunar íslensku krónunnar er vöxturinn 20% yfir árið og 7% á 4. ársfjórðungi.

Veltufjáreign nam 227 milljörðum króna og hafði aukist um 50% á árinu. Skuldabréfaeign nam 81 milljarði, þar af voru 77 milljarðar króna til varnar afleiðusamningum við viðskiptamenn og var hrein eign því 4 milljarðar króna. Hlutabréfaeign nam 79 milljörðum króna, þar af voru 66 milljarðar króna til varnar afleiðusamningum og var hrein staða því 13 milljarðar króna. Jákvæð staða afleiða nam 67 milljörðum króna.

Aðrar fjáreignir á gangvirði námu 201 milljarði króna. Vaxtaáhætta þessara fjáreigna er varin með vaxtaafleiðum sem einnig færast á gangvirði.

Fjáreignir til sölu námu 3,7 milljörðum króna, samanborið við 3,6 milljarða í upphafi árs. Afleiðusamningar vegna áhættuvarna námu 5,7 milljörðum en voru 2,4 milljarðar í lok árs 2005.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum námu 4,4 milljörðum og hafa minnkað um 3,7 milljarða á árinu sem skýrist að mestu með sölu á síðustu hlutabréfum bankans í Sjóvá á öðrum ársfjórðungi og fjárfestingu í fjárfestingarfélaginu Mætti.

Rekstrarfjármunir námu 3,3 milljörðum og jukust um 66% á árinu 2006. Óefnislegar eignir jukust um 69% og námu 18,3 milljörðum.

Skatteign bankans lækkaði úr 268 m.kr. í lok ársins 2005 í 264 m.kr. í lok árs 2006.

Fastafjármunir til sölu voru 409 m.kr. í lok fjórða ársfjórðungs og hafa lækkað um 26% á árinu.

Aðrar eignir námu 1.313 m.kr. í lok 4. ársfjórðungs, en voru 647 m.kr. í byrjun ársins.

Skuldir og eigið fé

Innlán námu alls 517 milljörðum króna 1. janúar 2007, þar af námu innlán frá fjármálafyrirtækjum 79 milljörðum. Á fjórða ársfjórðungi byrjaði bankinn að taka við innlánnum í gegnum útibú sitt í London og námu innlán í Bretlandi 45 milljörðum króna í lok ársins 2006. Um er að ræða heildsöluinnlán til allt að þriggja ára.

Lántaka alls nam 1.487 milljörðum króna í lok 4. ársfjórðungs og hafði aukist um 51% á árinu. Þar af námu víkjandi lán um 114 milljörðum.

Veltufjárskuldir námu 52 milljörðum króna, aukning frá 29 milljörðum króna frá því í árslok 2005.

Afleiðusamningar vegna áhættuvarna námu 14 milljörðum króna, aukning frá 7 milljörðum króna á árinu 2006.

Skattskuld í lok fjórða ársfjórðungs var 11 milljarðar.

Aðrar skuldir lækkuðu úr 26 milljörðum króna í upphafi árs í 20 milljarða í lok 4. ársfjórðungs.

Eigið fé bankans nam 146 milljörðum króna í lok desember. Eigið fé jókst um 62 milljarða á árinu. Þetta skýrist af hlutafjárútkningu með sölu 1 milljarðs nýrra hluta í janúar og arðgreiðslu í formi hlutafjár í mars, 130 milljón hluta. Verð í báðum tilvikum var 18,6 krónur á hlut. Þá jókst óvarin staða í erlendum dótturfélögum eigið fé um 5,7 milljarða sem reiknaðist til eigin fjár á árinu.

Vegna upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna eru eigin hlutabréf sem áður voru færð til eignar í veltubók nú færð til lækkunar á eigin fé. Sú breyting hefur ekki áhrif á eiginfjárlutfall á CAD grunni.

Eiginfjárlutfall á CAD grunni var 15,0% í lok desember. Þar af var eiginfjárbáttur A 10,8%. Veiking íslensku krónunnar um 10% myndi leiða til um það bil 0,3 prósentustiga lægra eiginfjárlutfalls á CAD grunni og 0,4 prósentustiga lægri eiginfjárbáttar A.

Eignir í stýringu námu 490 milljörðum króna í lok árs og jukust um 42% á árinu 2006.

Eignir í vörslu námu 698 milljörðum króna í árslok, aukning um 68% á árinu.


2. Fjármögnun og lausafjárstaða

Bankinn var mjög virkur í fjármögnun á fjórða ársfjórðungi og nýjar fjármögnunarleiðir voru kynntar til sögunnar. Bankinn aflaði 550 milljóna evra sambankaláns en það er stærsta sambankalán sem Glitnir hefur tekið. Bankinn aflaði einnig 500 milljóna dollara í skuldabréfum með breytilegum vöxtum á Bandaríkjamarkaði. Skuldabréfaútgáfan var fyrsta útgáfan í nýrri bandarískri US MTN útgáfu. Í desember skrifað bankinn undir 100 milljarða króna samning um sérvarin skuldabréf og skrifaði einnig undir samning við Citigroup þar sem Citigroup gengst kaup á sérvörðum skuldabréfum Glitnis

fyrir allt að 550 milljónir evra á næstu fimm árum. Sá samningur styrkir lausafjárstöðu Glitnis enn frekar. Þá hóf bankinn að taka við innlánunum í útibúi sínu í London á fjórðungnum og nú nemur sá hluti innlána yfir 600 milljónum evra.

Þrátt fyrir sveiflukenndan markað mestan hluta ársins gekk fjármögnun Glitnis vel árið 2006. Alþjóðleg langtímafjármögnun móðurfélagsins nam 4,9 milljörðum evra. Langtímafjármögnun BNbanka nam 1,3 milljörðum evra. Árið 2007 hófst vel frá sjónarmiði fjármögnunar bankans því að í janúar hóf Glitnir metnaðarfyllstu skuldabréfaútgáfu sína til þess; 1,25 milljarða dollara alheimsútgáfu til fimm ára. Viðskiptin voru gerð við evrópska, bandaríska og Asíska fjárfesta og munu renna enn styrkari stöðum undir lausafjárstöðu bankans.

Lausafjárstaða móðurfélags 26. janúar 2007



Lausafjárstefna Glitnis felur í sér að hafa á hverjum tíma laust fé til að tryggja endurgreiðslu á öllum skuldum móðurfélagsins sem eru á gjalddaga innan 6 mánaða. Að viðbættum auðseljanlegum fjáreignum er stefnan að tryggja endurgreiðslu á þeim skuldum sem eru á gjalddaga innan 12 mánaða.

Eiginfjárstaða bankans er afar sterk. Á CAD grunni er eiginfjárhlutfall bankans 15% í lok árs 2006, þar af er eiginfjárbáttur A 10,8%. Markmið bankans er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu og líklegt er að til skamms tíma verði eiginfjárhlutföll hærri en langtímamarkmið bankans.

4.1. Viðskiptabankasvið á Íslandi

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	16.778	4.860	4.326	4.001	3.591	3.526
Hreinar þjónustutekjur	5.365	1.684	1.223	1.181	1.277	1.188
Gengismunur og arður	89	34	9	22	25	61
Aðrar rekstrartekjur	200	150	14	17	19	23
Hreinar rekstrartekjur	22.432	6.727	5.573	5.220	4.912	4.799
Rekstrarkostnaður	-11.057	-3.419	-2.315	-2.756	-2.568	-2.199
Virðisrýrnun útlána og krafna	-2.781	-293	-402	-1.158	-928	60
Aðrar tekjur/(gjöld)	82	-3	0	85	0	-12
Hagnaður fyrir skatta	8.675	3.013	2.856	1.392	1.416	2.647
Hagsauki	3.321	1.046	1.408	389	478	1.180

Árið 2006 er besta ár allra eininga viðskiptabankans á Íslandi frá upphafi og fjórði ársfjórðungur sá besti frá upphafi, þetta á einnig við um allar einingar. Hagnaður síðasta ársfjórðungs fyrir skatta reyndist vera ríflega 3 milljarðar og heildarhagnaður ársins 8.675 milljarðar. Hluti þessarar góðu afkomu skýrist af bakfærslu almenns afskriftaframlags vegna flutnings hluta lánabókar Fyrirtækjasviðs á Íslandi og Einkabanka yfir á bækur Fyrirtækjasviðs (*e. Corporate Banking*). Þegar litið er á árið í heild einkenndist það af jafnri og stöðugri eftirspurn eftir lánsfé sem bankanum tókst í stórum dráttum að bregðast við þrátt fyrir nokkrar hömlur á fjármögnunarhlíðinni. Eftirspurn á fjórðungnum var stöðug og góð en á sama tíma greinilegt að framboð lánsfjár fór vaxandi og markaðurinn virðist kominn í jafnvægi. Lán til íbúðakaupa drógust verulega saman á árinu og námu á ársfjórðungnum um 3 milljörðum króna sem er um þriðjungur af vexti fyrsta ársfjórðungs. Sala einstakra annarra þjónustupáttá á fjórðungnum var í takt við væntingar og útkoma ársins fór fram úr björtustu áætlunum.

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Fyrirtækjasvið Ísland	3.138	1.276	826	571	466	1.124
Eignafjármögnun	1.208	356	336	281	235	233
Eignastýring og Einkabanki	1.148	400	195	266	286	194
Útibúasvið	3.005	870	1.433	274	429	1.096
Kreditkort	176	110	66	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	8.675	3.013	2.856	1.392	1.416	2.647

Lán og kröfur á viðskiptabankasviði námu alls 601 milljarði króna í lok ársins 2006. Lán á Útibúasviði námu 265 milljörðum, á Fyrirtækjasviði á Íslandi 265 milljörðum, í Eignastýringu og Einkabankapjónustu 18 milljörðum, í Eignafjármögnun 44 milljörðum króna og Kreditkort 10 milljörðum króna.

Innlend innlán á Viðskiptabankasviði námu 147 milljörðum í lok desember og jukust um 16% yfir árið, eða úr 127 milljörðum.

Hagsauki Viðskiptabankasviðs nam 1.046 m.kr. á 4. ársfjórðungi 2006 og hagsauki ársins var 3.321 m. kr. Alls voru 628 starfsmenn í fullu starfi hjá sviðinu í lok 4. ársfjórðungs.

Útibúasvið

Hagnaður Útibúasviðsins fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi var 870 m.kr.. Heildartekjur Útibúasviðsins voru 3.381 m.kr., rekstrarkostnaður nam 1.993 m.kr. og virðisrýrnun 518 m.kr. Hagnaður fyrir skatta var 3.005 m.kr. árið 2006 samanborið við 3.775 m.kr. á árinu 2005.

Eftirspurn eftir húsnæðislánum var svipuð á fjórða ársfjórðungi 2006 og í fjórðungnum á undan, en eftirspurn á tveimur síðustu fjórðungunum var nokkuð minni en á tveim fyrstu fjórðungum ársins.



Sameining útibúanna við Laugaveg og Lækjargötu á 4. ársfjórðungi 2006 gekk vel. Við árslok 2006 voru útibúin 23 samanborið við 29 í byrjun árs 2005.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 425 í lok desember.

Eignafjármögnun

Hagnaður Eignafjármögnunar fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi var 356 milljónir. Heildartekjur Eignafjármögnunar voru 517 milljónir á 4. ársfjórðungi, rekstrarkostnaður nam 181 milljónum og bakfærsla vegna virðisrýmunar nam 21 m.kr. Hagnaður fyrir skatta var 1.208 m.kr. árið 2006 samanborið við 806 m.kr. árið 2005.

Eftirspurn eftir fjármögnun bifreiða var góð árið 2006 þrátt fyrir fyrri vísbendingar um væntanlegan samdrátt í sölu nýrra bíla. Sérfræðingar í greininni búast hins vegar við snörpum samdrætti í eftirspurn eftir nýjum bílum á fyrsta ársfjórðungi 2007. Talsverður vöxtur í útleigu tækja og atvinnubifreiða á seinni helmingi 2006 leiddi til 17% aukningar frá árinu áður. Ný lán námu 17,9 milljörðum króna árið 2006 og jukust um 10% frá árinu 2005.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 35 í árslok 2006.

Eignastýring og Einkabankaþjónusta

Hagnaður fyrir skatta á 4. ársfjórðungi var 400 milljónir. Heildartekjur Eignastýringar og Einkabankaþjónustu voru 946 milljónir á 4. ársfjórðungi, rekstrarkostnaður nam 638 milljónum og bakfærsla vegna virðisrýmunar nam 92 milljónum. Hagnaður Eignastýringar og Einkabanka árið 2006 var 1.148 m.kr. samanborið við 704 m.kr. árið 2005.

Eignir í stýringu Eignastýringar og Einkabankaþjónustu voru 423,5 milljarðar króna í lok fjórða ársfjórðungs, samanborið við 345 milljarða króna í byrjun árs. Eignir í stýringu hafa aukist um 23% frá ársbyrjun.

Töluverðar sveiflur voru á íslenska markaðnum árið 2006; verðgildi krónunnar og íslenskra hlutabréfa féll hratt á fyrsta helmingi ársins. Fjórði ársfjórðungur einkenndist af sveiflum á markaði fyrir innlend vaxtaberandi skuldabréf og af háum vöxtum á peningamarkaði. Góð ávöxtun var á eignasöfnum viðskiptavina á árinu, þrátt fyrir að lægri vextir væru á íslenskum hlutabréfamarkaði í ár en á undanförunum árum. Ávöxtun á öllum eignasöfnum í Almenna lífeyrissjóðnum var mjög góð og hærri en hjá flestum samkeppnisaðilum. Allir innlendir verðbréfa- og fjárfestingasjóðir skiluðu góðri ávöxtun og betri en flestir sambærilegir sjóðir.

Heildarfjöldi starfsmanna í fullu starfi var 63 í lok desember.

Fyrirtækjasvið Ísland

Hagnaður Fyrirtækjasviðs fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi var 1.276 milljónir króna. Heildartekjur voru 1.498 milljónir á 4. ársfjórðungi, rekstrarkostnaður nam 347 milljónum og bakfærsla vegna virðisrýmunar nam 124 m.kr. Hagnaður fyrir skatta árið 2006 nam 3,138 m.kr. samanborið við 1,892 m.kr. árið áður.

Þrátt fyrir stormasamt tímabil á vormánuðum fyrir stærstu aðila á markaði, var mikið um að vera á íslenskum fyrirtækjabankamarkaði allt árið, þótt samkeppi færi harðnandi í lok árs. Gæði útlánasafns Fyrirtækjasviðs á Íslandi héldust góð og safnið óx töluvert á árinu. Mikil vinna við að tryggja hagkvæman rekstur í breytilegu markaðsumhverfi hefur skilað góðum árangri í lok árs. Liður í því að

skerpa áherslur á Fyrirtækjasviði á Íslandi og annars staðar var að flytja töluverðan hluta útlánasafnsins til Fyrirtækjasviðs í lok árs, ásamt ábyrgð á viðskiptum við fjárfestingafélög sem fjárfesta á erlendum mörkuðum. Við upphaf ársins virðist 2007 ætla að verða ár harðnandi samkeppni með minnkandi hagnaði og þörf er fyrir árvekni á markaði.

Heildarfjöldi starfsfólks í fullu starfi var 18 í lok desember.

4.2. Viðskiptabankasvið í Noregi

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	7.196	1.894	1.824	2.023	1.454	1.491
Hreinar þjónustutekjur	435	247	189	-25	25	70
Gengismunur og arður	-483	-268	-244	-38	68	125
Aðrar rekstrartekjur	95	36	2	51	7	13
Hreinar rekstrartekjur	7.243	1.908	1.770	2.011	1.554	1.699
Rekstrarkostnaður	-3.231	-951	-906	-720	-655	-686
Virðisryrnun útlána og krafna	-68	21	-28	-51	-10	-71
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	-12	12	0
Hagnaður fyrir skatta	3.944	978	837	1.228	901	942

Starfsemi Glitnis í Noregi hefur gengið vel frá upphafi starfseminnar í Noregi árið 2004. Á árinu hefur efnahagsreikningur bankans vaxið úr um 492 milljörðum í um 672 milljarða í árslok 2006. Bæði norsku dótturfélögin sýndu jákvæða þróun hvað varðar innlán viðskiptavina sem jukust um 23% eða um 3,7 milljarða norskra króna á árinu 2006.

Þó búist sé við að vextir hækki í Noregi á komandi ári, gefur gott efnahagsástand tilefni til að ætla að horfur séu almennt jákvæðar fyrir norska banka árið 2007. Búist er við að lög um sérvarin skuldabréf verði samþykkt á fyrri helming ársins 2007 og notkun sérvarinna skuldabréfa til að fjármagna BNbank mun styrkja fjármögnungargetu bankans. Áframhaldandi þrýstingur á vaxtamun mun einnig vera tilefni til sérstakrar árvekni á árinu.

Útlánasafnið var 51,7 milljarðar norskra króna í lok desember en var 43,8 milljarðar norskra króna í árslok 2005.

Hagsauki Viðskiptabankasviðs í Noregi var 427 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem þýðir að hagsauki ársins var 675 m.kr. Heildarfjöldi starfsmanna í fullu starfi var 178 í lok desember.

BNbank

Hagnaður BNbank fyrir skatta var 576 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi. Rekstrartekjur bankans námu 1.082 milljónum á ársfjórðungnum, rekstrargjöld 567 milljónum og bakfærsla vegna virðisryrnunar var 61 milljón. Hagnaður fyrir skatta árið 2006 nam 2.670 m.kr. en var 3.062 m.kr. árið 2005.

Útlánaaukning BNbank var 11% árið 2006. Velta á markaði með atvinnuhúsnæði er nú í sögulegu hámarki. Þetta skapar bæði tækifæri og áskoranir þar sem mikil velta hefur oft í för með sér breytingar í fjármögnun fasteigna. Núverandi útlánasafn bankans er það það stærsta í sögu hans, en velta er einnig há. BNbank hefur tekið lága áhættu fram yfir útlánaaukningu á þessum markaði. Árið 2006 jukust húsnæðislán í BNbank um 9%. Lánshlutfall allra nýrra húsnæðislána er lægra en 80% og um 80% af heildar útlánasafni húsnæðislána er undir 60% lánshlutfalli. Lán í óskilum eru áfram mjög fá og engin virðisryrnun var á útlánum BNbank árið 2006.

Í október eignaðist BNbank 45% hlut í Norsk Privatøkonomi ASA, sjálfstæðu fjármálaráðgjafarfyritækni. Yfirtakan styður útbreiðslu BNbanka/Glitnis í Noregi fyrir tilverkan samanlegðaráhrifa á milli sterkrar stöðu Norsk Privatøkonomi ASA á markaði fjármálaráðgjafar og traustum afurðagrunni BNbanka.

BNbank varð hluti af samstæðureikningi Glitnis frá og með 1. apríl 2005. Í lok desember hafði BNbank 112 starfsmenn.

Glitnir Bank ASA

Hagnaður Glitnir Bank ASA fyrir skatta nam 266 milljónum króna á 4. ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 528 milljónum króna á tímabilinu og rekstrarkostnaður nam 262 milljónum króna. Árið 2006 var hagnaður Glitnir Bank 918 m.kr. fyrir skatta en var 598 m.kr. árið 2005.

Útlán Glitnir Bank jukust um NOK 1 milljarð króna árið 2006 eða um 27% og námu alls NOK 4,7 milljörðum í árslok samfara því að gæði lánasafnsins jukust enn frekar. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 2 milljarða norskra, eða 70%. Glitnir Bank hefur einnig haft forgöngu um lán fyrir Glitnir banka í Reykjavík fyrir 3.3 milljarða norskra króna.

Glitnir Factoring AS, dótturfélag Glitnir Bank ASA, sló met sitt frá árinu 2005 með áframhaldandi vexti og met voru met einnig slegin varðandi flæði reikninga, veltu og afkomu

Alls störfuðu 61 í fullu starfi hjá Glitnir Bank ASA í árslok 2006.

4.3. Fyrirtækjasvið

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	9.736	2.964	2.362	2.444	1.965
Hreinar þjónustutekjur	2.481	847	497	539	599
Gengismunur og arður	222	-16	20	25	193
Aórar rekstrartekjur	39	24	4	10	1
Hreinar rekstrartekjur	12.479	3.820	2.883	3.018	2.758
Rekstrarkostnaður	-3.805	-1.012	-967	-978	-848
Virðisrýrnun útlána og krafna	-1.846	-1.416	183	-158	-454
Aórar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	6.828	1.392	2.099	1.882	1.455
Hagsauki	4.223	1.030			

Fjórði ársfjórðungur var sá besti í sögu Fyrirtækjasviðs hvað varðar rekstrartekjur, en bæði hreinar vaxtatekjur og þóknatekjur voru betri en nokkurn tímann áður. Hins vegar höfðu virðisrýmanir töluverð neikvæð áhrif í fjórðungnum og 1.416 m.kr. voru bókaðar á afskriftareikning. Þessar afskriftir eru bæði almennar, vegna mikillar hækkunar á útlánasafni, og sértækar vegna ákveðinna lána, aðallega tengdum Skuldsettri fjármögnun.

Stór hluti aukningar í útlánasafni varð vegna flutnings á lánasafni frá Viðskiptabankasviði á Íslandi til Fyrirtækjasviðs. Þetta var gert til að bæta þjónustu við nokkra af lykilviðskiptavinum bankans og gera starfsemi beggja sviða hnitmiðaðri.

Útlánasafnið var 386 milljarðar króna í lok desember sem er aukning úr 256 milljörðum í árslok 2005 og úr 350 milljörðum króna frá júnílokum.

Árið 2006 var mjög gott fyrir allar einingar innan Fyrirtækjasviðs. Nýjar skrifstofur voru stofnaðar í Kanada og Kína, skrifstofan í Kaupmannahöfn styrkt og nú starfa 12 manns frá ýmsum deildum bankans á skrifstofunni í London. Starfsstöð bankans í Luxemborg hefur aðallega einbeitt sér að fasteignamarkaðinum með góðum árangri. Miklir kraftar hafa farið í að byggja upp orkuteymi bankans

á árinu, ásamt því að auka hlut bankans á sviði sjávarafurða. Á sama tíma varð methagnaður á árinu 6.828 m.kr. fyrir skatta.

Horfur fyrir árið 2007 eru góðar; spáð er vexti innan þeirra atvinnugreina bankans og landssvæða sem bankinn leggur áherslu á.

Hagsauki Fyrirtækjasviðs var 1.030 m.kr. á 4. ársfjórðungi sem þýðir að hagsauki ársins var 4.223 m.kr. Alls störfuðu 101 á Fyrirtækjasviði í lok desember.

4.4. Fjárfestingabankasvið

m. kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	-374	-122	-66	-114	-72
Hreinar þjónustutekjur	5.854	2.646	1.006	621	1.581
Gengismunur og arður	2.336	893	423	102	917
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Hreinar rekstrartekjur	7.815	3.416	1.364	609	2.426
Rekstrarkostnaður	-1.686	-775	-305	-181	-425
Virðisrýrnun útlána og krafna	-25	62	-64	-5	-18
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	6.105	2.703	995	423	1.983
Hagsauki	4.591	2.057			

Besti fjórðungur í sögu Fjárfestingabankasviðs var 4. ársfjórðungur árið 2006 er rekstrartekjur námu 3.416 m.kr. og hagnaður fyrir skatta 2.703 m.kr.

Vegna eðlis starfsemi sviðsins voru hreinar vaxtatekjur þess neikvæðar um 122 m.kr., en þóknatekjur námu 2,6 milljörðum á fjórða ársfjórðungi, aðallega vegna ráðgjafartekna. Sviðið skráði söluhagnað af skráðum hlutabréfum á 4. ársfjórðungi upp á 370 m.kr. og 488 m.kr. hagnað af tekjum annarra eigna að gangvirði. Útkoman var hagnaður upp á 858 m.kr. vegna hlutabréfa á 4. ársfjórðungi.

Á fjórða ársfjórðungi lauk sviðið nokkrum ábataþáttum samningum, þar á meðal sölutryggingu og síðar almennu frumútbóði á Icelandair Group, lokuðu útbóði á perúska fiskimjölsfyrirtækinu Copeinca, ráðgjöf við TM Software varðandi sölu á Maritech og 6 milljarða króna hlutafjárútbóði fyrir TM. Mörg þessara verkefna voru unnin í samvinnu ýmissa afkomusviða og var því heildarþóknun vegna verkefna skipt upp á milli mismunandi sviða bankans.

Árið 2006 hefur verið umbreytingarár fyrir Fjárfestingabankasviðið innan Glitnis. Þetta var fyrsta heila árið í rekstri Glitnis fjárfestingar og hefur einingin náð mjög góðum árangri. Fyrirtækjaráðgjöf hefur verið sett upp í Kaupmannahöfn og hún styrkt enn frekar í Reykjavík og London. Á sama tíma hefur sá mikli fjöldi samninga sem lokið var, tryggt að árið 2006 er arðbærasta ár Fjárfestingabankasviðs hingað til.

Fleiri samninga er að vænta því nú er unnið að nokkrum samningum sem áætlað er að ljúki á fyrri helmingi ársins 2007.

Hagsauki Fjárfestingabankasviðs nam 2.057 m.kr. á 4. ársfjórðungi og hagsauki ársins var því 4.591 m.kr. Alls störfuðu um 27 manns á Fjárfestingabankasviði í lok desember.

4.5. Markaðsviðskipti Glitnis

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	3.098	999	837	896	365	391
Hreinar þjónustutekjur	13.211	5.328	2.490	3.262	2.131	566
Gengismunur og arður	1.339	697	-281	417	507	320
Aðrar rekstrartekjur	209	72	64	69	5	0
Hreinar rekstrartekjur	17.857	7.096	3.109	4.644	3.007	1.277
Rekstrarkostnaður	-6.735	-2.939	-1.681	-1.329	-785	-278
Virðisryrnun útlána og krafna	-7	0	-7	0	0	0
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	11.114	4.157	1.420	3.315	2.222	999
Hagsauki	8.250	2.571	1.136	2.690	1.853	805

Glitnir er fjórði stærsti aðilinn á Norðurlöndum í viðskiptum með hlutabréf og nemur markaðshlutdeild bankans 4,9%. Samanlögð markaðshlutdeild dótturfélaga á þremur helstu mörkuðum samstæðunnar, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, var 26,8%, 5,7% og 6,3%, í þeirri röð. Árið 2006 námu heildartekjur Markaðsviðskipta Glitnis 17.857 milljónum króna. Þjónustutekjur Glitnis vegna ráðgjafar- og miðlunarþjónustu jukust verulega árið 2006, eða í 13,2 milljarða, samanborið við 2,2 milljarða árið 2005.

Árið 2007 mun verða fyrsta árið í sögu Markaðsviðskipta með fulla starfsemi á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Það fyrirkomulag sem hefur fest sig í sessi getur tekið við töluverðu magni og verið eftirsóttur samstarfsaðili og þjónustuaðili við viðskiptavinum okkar. Það sem af er, hefur Glitnir hlotið umboð til að skrá tvö fyrirtæki á kauphöllinni í Osló. Þessar tvær skráningar yrðu þær fyrstu sem Markaðsviðskipti Glitnis í Noregi sjá um.

Með frumútboði Ícelandair í desember sáu Markaðsviðskipti Glitnis um fyrstu stóru sölu fyrirtækisins á milli landa. Með þessu frumútboði, sem alþjóðlegir fjárfestar sýndu mikinn áhuga, sannaðist að Markaðsviðskipti Glitnis eru fullfær um að nýta krafta sína á Norræna markaðnum í heild, viðskiptavinum til hagsbóta.

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Markaðsviðskipti Reykjavík	8.626	3.069	1.115	2.361	2.082	999
Markaðsviðskipti Noregur	2.678	1.079	391	1.004	204	0
Markaðsviðskipti Svíþjóð	132	121	11	0	0	0
Annað	-322	-111	-97	-49	-64	0
Hagnaður fyrir skatta	11.114	4.157	1.421	3.315	2.222	999

Hagsauki Markaðsviðskipta var 2.571 m.kr. á 4. ársfjórðungi og hagsauki ársins því 8.250 m.kr. Í lok desember störfuðu alls 212 manns hjá Markaðsviðskiptum á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð.

Markaðsviðskipti í Reykjavík

Hagnaður Markaðsviðskipta í Reykjavík fyrir skatta nam 3.070 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006, rekstrartekjur námu 3.606 m.kr. og rekstrarkostnaður 537 m.kr. Á árinu 2006 var hagnaður Markaðsviðskipta í Reykjavík fyrir skatta 8.626 m.kr. samanborið við 2.971 m.kr. á árinu á undan.

Árið 2006 var hagstætt fyrir verðbréfamíðlun. Á líflegum verðbréfamarkaði tókst bæði hlutabréfa- og skuldabréfaborði að viðhalda vexti yfir árið. Hlutdeild á hlutabréfamarkaði kauphallarinnar var 26.7% og hlutdeild á skuldabréfamarkaði 26.9%, hvort tveggja í öðru sæti meðal meðlima í kauphöllinni. Gjaldeyrismiðlun náði einnig góðum árangri á sveiflunendum gjaldeyrismarkaði. Velta jókst í

samræmi við aukinn áhuga erlendra fjárfesta á innanlandsmarkaði. Aukning varð í Afleiðuviðskiptum og einingin kom fram með fjölbreytt vöruúrval.

Í þeim tilgangi að auka og bæta þjónustu við viðskiptavini voru gerðar skipulagsbreytingar á Markaðsviðskiptum í Reykjavík. Áhættu- og skuldastýring sameinaðist Gjaldeyrisstýringu. Greiningadeild bankans var flutt til Markaðsviðskipta. Í lok ársins störfuðu 41 starfsmaður hjá einingunni.

Markaðsviðskipti í Noregi

Hagnaður Markaðsviðskipta í Noregi fyrir skatta nam 1.078 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006, rekstrartekjur námu 2.048 m.kr. og rekstrarkostnaður 970 m.kr. Á árinu 2006 nam hagnaður Glitnis í Noregi 2.678 m.kr. fyrir skatta.

Á árinu 2006 hefur Glitnir Securities styrkt starfsemi sína töluvert, t.d. með því að efla greiningu og stofnanamiðlun og með því að setja á fót nýja fyrirtækjadeild sem á fjórða ársfjórðungi lauk fyrstu stóru fyrirtækjaviðskiptum Glitnir Securities fyrir erlent fyrirtæki. Glitnir Securities er nú vel í stakk búið fyrir frekari vöxt og þróun.

Fjórði ársfjórðungur ársins 2006 var sá besti hingað til í sögu UNION Group, með miklum umsvifum hjá öllum þremur einingum fyrirtækisins. Fjármögnun fasteigna lofar góðu og vænta má áframhaldandi góðrar afkomu á næsta fjórðungi. UNION Norsk Næringsmegling AS hefur góða verkefnastöðu og UNION Eiendomskapital AS er vel á veg komið með fyrstu hlutabréfaútgáfu Storebrand Eiendomsfond á árinu 2007.

UNION Eiendomskapital stýrir fasteignasjóði upp á 5,2 milljarða norskra króna.

Yfirtöku á Glitnir Securities, fullbúnum fjárfestingabanka í Osló, lauk 28. febrúar árið 2006 og yfirtöku á 50,1% hlut í Union lauk í maí 2006.

Alls störfuðu 91 starfsmaður hjá Markaðsviðskiptum í Noregi í lok desember.

Markaðsviðskipti í Svíþjóð

Hagnaður Glitnis í Svíþjóð nam 121 m.kr. fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi 2006, hreinar rekstrartekjur námu 673 m.kr. og rekstrarkostnaður 552 m.kr. Hagnaður Glitnis í Svíþjóð fyrir skatta nam 132 m.kr. árið.

Mikil velta norrænna markaða árið 2006 átti sinn þátt í mikilli tekjuaukningu Glitnis. Markaðshlutdeild Glitnis AB í viðskiptum á Norrænum eftirmörkuðum var 5.6% í Svíþjóð, 3.9% í Noregi, 3.2% í Finnlandi og 3.5% í Danmörku. Þetta þýðir að dótturfélag Glitnis í Svíþjóð er fjórði stærsti miðlari á sameiginlegum norrænum markaði í árslok.

Líkt og 1. janúar starfa alls 72 í fullu starfi hjá Glitni í Svíþjóð. Glitnir AB í Svíþjóð er hluti af samstæðuuppjöri Glitnis frá og með 1. júlí 2006.

4.6. Fjárstýring

m.kr.	12M 2006	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	2.028	-1.436	551	2.438	475	203
Hreinar þjónustutekjur	-296	-91	-96	-61	-49	-38
Gengismunur og arður	2.665	917	889	698	160	-236
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0	1
Hreinar rekstrartekjur	4.398	-610	1.345	3.076	586	-69
Rekstrarkostnaður	-109	104	-47	-88	-79	-128
Virðisryrnnun útlána og krafna	0	0	0	0	0	0
Aðrar tekjur/(gjöld)	0	0	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	4.288	-505	1.298	2.988	508	-197
Hagsauki	2.706	-1.029	968	2.404	363	-286

Hagsauki Fjárstýringar var neikvæð um 1.029 m.kr. á 4. ársfjórðungi sem þýðir að hagsauki ársins 2006 var 2.706 m.kr.

4.7. Önnur starfsemi

Hagnaður af annarri starfsemi var neikvæður um 141 milljón á fjórða ársfjórðungi 2006. Undir aðra starfsemi falla óreglulegar tekjur og gjöld sem ekki er dreift á afkomusvið. Aðrar tekjur að frádregnum rekstrarkostnaði, skýrast m.a. af hagnaði hlutdeildarfélagana, ýmsum kostnaði sem ekki er dreift á önnur afkomusvið og söluhagnaði af fastafármunum.

Horfur fyrir árið 2007

Eftir hraðan uppgang undanfarin ár bendir flest til þess að árið 2007 verði tími aðlögunar í íslensku efnahagslífi. Fyrstu vísbendingar eru þegar fyrir hendi um að nú hægi á hjólum hagkerfisins. Dregið hefur úr vexti einkaneyslu og fjárfestingar, atvinnuleysi hefur lítillega aukist og verðbólga hjaðnað þótt hún sé enn hátt yfir markmiði Seðlabanka. Auk þess munu fyrirsjáanleg lok yfirstandandi stóriðjuframkvæmda verða til þess að draga úr þeirri þenslu sem einkennt hefur undanfarin misseri. Útlit er fyrir að hagkerfið nái nokkuð mjúkri lendingu á árinu, verðbólga minnki verulega og viðskiptahalli sömuleiðis. Einstaklingar jafnt sem fyrirtæki munu að einhverju marki finna fyrir minnkandi umsvifum í efnahagslífinu með hækkandi atvinnuleysisstigi, minni veltu og auknum greiðsluferfiðleikum en þorri þeirra ætti þó að sleppa við slæma skelli. Efnahagslegt umhverfi fjármálafyrirtækja ætti því að verða vel viðunandi á næstunni og batna enn frekar með betra jafnvægi hagkerfisins og auknum hagvexti á næstu árum.

Í Noregi virðist góðærisskeiðið nú hafa náð hámarki og er búist við að hagvöxtur verði nokkru minni á þessu ári en því nýliðna, en þó vel viðunandi. Vöxturinn undanfarið hefur m.a. verið drifinn af fjárfestingum í olíuiðnaði, lágu vaxtastigi og almennri bjartsýni sem endurspeglast hefur í myndarlegum vexti einkaneyslu. Viðskiptakjör Noregs hafa auk þess verið afar hagfelld, olíuverð hátt og verð á aðföngum hagstætt. Húsnæðisverð hefur hækkað jafnt og þétt og mun að líkum hækka enn um sinn þótt hærri vextir, aukið framboð á nýju húsnæði og hægari vöxtur ráðstöfunartekna komi væntanlega til að hægja á þeirri þróun þegar fram í sækir. Staða einstaklinga og fyrirtækja er sterk eftir viðvarandi góðæri, atvinnuleysi fer lækkandi og ráðstöfunartekjur heimilanna hafa vaxið undanfarin misseri. Aðstæður fjármálafyrirtækja eru því ákjósanlegar í Noregi og er ekki útlit fyrir miklar breytingar á þeirri skipan mála á næstunni.

5. Kaupuki starfsfólks

Í samræmi við ákvörðun stjórnar bankans um árangurstengd kjör starfsfólks, hefur stjórn bankans ákveðið að greiða starfsfólki bankans kaupauka fyrir góðan rekstrarárangur á árinu 2006. Öllum starfsmönnum Glitnis banka hf., móðurfélag, verður greiddur kaupauki í formi 7.000 hluta í bankanum á verðinu 25,5 kr. á hlut miðað við fullt starf. Þá mun stjórn bankans endurskoða kaupauka til starfsfólks fyrir árið 2007 með hliðsjón af breyttri uppbyggingu bankans.

6. Arðgreiðslur til hluthafa

Stefna Glitnis er að greiða um 20 til 40% hagnaðar til hluthafa í formi arðgreiðslu með hliðsjón af eiginfjárstöðu á hverjum tíma. Stjórn bankans hefur ákveðið að leggja til við aðalfund að greiddar verði 0,66 krónur á hlut í arð. Útistandandi hlutir eru rúmlega 14,3 milljarðar og arðgreiðslan því alls 9,4 milljarðar króna. Nemur arðgreiðslan 24,63% af hagnaði ársins 2006. Viðmiðunardagur arðsúthlutunar er í lok aðalfundardags og verður arður greiddur út 14. mars 2007. Því sem eftir stendur af hagnaði ársins, 28,8 milljörðum króna, skal ráðstafað til hækkunar á eigin fé Glitnis banka hf.

Jafnframt er lagt til við aðalfund að hluthöfum skuli gefinn kostur á að fá allt að helming arðs síns greiddan í hlutafé í Glitni.

7. Birting uppgjöra fyrir árið 2007

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2007 verður haldinn á Hótel Nordica 20. Febrúar kl. 14.00 í fundarsölum A-B.

Fyrirhugaðir birtingadagar uppgjöra Glitnis fyrir árið 2007 eru þessir:

1. fjórðungur, 30. apríl 2007
2. fjórðungur, 31. júlí 2007



3. fjórðungur, 30. október 2007

Afkoma ársins, 29. janúar 2008

8. Kynning Glitnis á afkomu ársins 2007

Eftirfarandi kynningar og símafundir verða haldnir í tengslum við afkomu Glitnis fyrir árið 2006 sem birt verður 30. janúar. Glitnir mun birta uppgjör fyrir opnun markaða. Hægt verður að nálgast kynninguna á www.glitnir.is frá og með birtingu uppgjörs þann 30. janúar.

Kynning fyrir hluthafa og markaðsaðila í Reykjavík

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, og Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna afkomu ársins fyrir hluthöfum og markaðsaðilum kl. 9:15, þriðjudaginn 30. janúar, á 5. hæð í höfuðstöðvum Glitnis á Kirkjusandi. Húsið verður opnað kl. 9:00.

Símafundur

Glitnir heldur símafund á ensku kl. 10:30, þriðjudaginn 30. janúar. Hægt er að hringja í símanúmer +44 (0)20 7162 0125(UK), +47 2156 3122 (Noregur) eða +1 334 323 6203 (USA), ekki seinna en 10 mínútum fyrir fundartíma. Þátttakendur á símafundinum verða Bjarni Ármannsson, forstjóri og Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Símafundurinn verður einnig sendur út í beinni útsendingu á Netinu á slóðinni www.glitnirbank.com.

Kynning fyrir hluthafa og markaðsaðila í London

Bjarni Ármannsson, forstjóri og Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna afkomu ársins 2006 í London fimmtudaginn 1. febrúar, kl. 8. Fundurinn fer fram á skrifstofum Glitnis, Lothbury 41, London EC2R 7HF. Húsið verður opnað kl. 7:45 og verður boðið upp á morgunverð. Þátttakendur vinsamlegast skrái sig hjá Völu Pálsdóttur, með því að senda póst á vp@glitnir.is eða hringja í síma 440 4989.

Bókun viðtala við fjölmiðla

Til að bóka fjölmiðlaviðtöl, vinsamlegast hafið samband við Björn Richard Johansen, framkvæmdastjóra Fjárfestatengsla með því að senda tölvupóst til bri@glitnir.no eða hringa í farsímanúmer +47 47 800 100.

9. Rekstrarreikningur samstæðu eftir ársfjórðungum

m. kr.	4.fj. 2006	3.fj. 2006	2.fj. 2006	1.fj. 2006	4.fj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	8.422	9.310	11.526	7.826	6.140
Nettó iðgjöld	0	0	0	0	0
Hreinar þjónustutekjur	10.343	4.955	5.534	5.626	2.908
Arðstekjur	0	0	11	0	0
Hreinar tekjur af veltufjáreignum/veltufjárskuldum	2.224	223	203	3.348	-186
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði	500	393	573	632	9
Innleystur hagnaður/(tap) af fjáreignum/fjárskuldum	0	2	-2	0	0
Gangvirðisbreytingar vegna áhættuvarnarreikningsskila	-97	4	-87	-4	18
Hreinn gjaldeyrismunur	239	278	249	-185	22
Aðrar rekstrartekjur	232	107	170	47	63
Rekstrarkostnaður	-8.705	-6.431	-6.293	-5.872	-4.230
Kostnaður/tekjur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0
Virðisrýrnun	-1.653	-328	-1.354	-1.424	-644
Neikvæð viðskiptavild færð í rekstrarreikning	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og samrekstri	75	69	140	1.187	790
Hagnaður / (tap) af dóttur- og hlutdeildarfélagum	15	1.785	2.444	0	20
Hagnaður fyrir skatta	11.596	10.366	13.114	11.180	4.910
Tekjuskattur	-2.279	-1.563	-2.101	-2.082	-1.382
Hagnaður tímabilsins	9.317	8.803	11.013	9.097	3.527

10. Efnahagsreikningur samstæðu

m.kr	31.des.06	31.des.05	Breyting (m.kr.)	Breyting (%)
Sjóðsigildi og innistæður í Seðlabanka	20.417	20.861	-443	-2,1%
Lán og kröfur	1.760.368	1.174.428	585.940	49,9%
Veltufjáreign	227.251	151.897	75.355	49,6%
Aðrar fjáreignir á gangvirði	200.864	96.438	104.426	108,3%
Fjáreignir til sölu	3.746	3.611	134	3,7%
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	5.721	2.351	3.371	143,4%
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	4.379	8.081	-3.701	-45,8%
Rekstrarfjármunir	3.296	1.987	1.308	65,8%
Óefnislegar eignir	18.310	10.824	7.486	69,2%
Skatteign	264	268	-5	-1,8%
Fastafjármunir til sölu	409	551	-142	-25,8%
Aðrar eignir	1.314	647	667	103,1%
Eignir	2.246.339	1.471.944	774.395	52,6%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	78.576	30.656	47.920	156,3%
Önnur innlán	438.272	304.137	134.135	44,1%
Lántaka	1.377.787	937.794	439.993	46,9%
Víkjandi lán	108.998	47.464	61.534	129,6%
Veltufjárskuldir	51.729	28.789	22.939	79,7%
Afleiðusamningar vegna áhættuvarna	13.869	7.233	6.636	91,7%
Starfsmannaskuldbindingar	529	418	111	26,6%
Skattskuld	10.647	5.087	5.560	109,3%
Aðrar skuldir	19.814	25.830	-6.016	-23,3%
Eigið fé	146.118	84.537	61.581	72,8%
Skuldir og eigið fé samtals	2.246.339	1.471.945	774.394	52,6%
Utan efnahags:				
Fjármunir í vörslu	490.321	344.975	145.346	42,1%
Ábyrgðir	29.911	19.788	10.123	51,2%
Afleiðustöður á móti skuldabréfaeign	77.373	57.681	19.692	34,1%
Afleiðustöður á móti hlutabréfaeign	67.074	60.401	6.673	11,0%

11. Kennitölur

	jan-des 2006	jan-des 2005	Breyting	4.fj. 2006	3.fj. 2006	2.fj. 2005	1.fj. 2006	4.fj. 2005
Lykiltölur úr efnahagsreikningi (m.kr)								
Meðalstaða heildarfrjámgagns	1.845.648	1.162.177	683.471	2.035.188	1.946.659	1.872.596	1.528.153	1.404.898
Heildarfrjámgagn í lok tímabils	2.246.339	1.472.250	774.089	2.246.339	1.835.999	1.334.513	767.360	677.316
Eigið fé	146.118	84.537	61.581	146.118	111.370	76.707	68.324	48.474
Hlutafé	14.265	13.112	1.153	14.265	14.120	13.119	13.081	11.081
Kennitölur								
Arðsemi eigin fjár fyrir tekjuskatt	47,7%	26,2%						
Arðsemi eigin fjár eftir tekjuskatt	39,4%	30,3%						
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	2,68	1,48	81,1%	0,64	0,62	0,76	0,66	0,28
Eiginfráhlutfall skv. CAD (lok tímabils)	15,0%	12,6%		15,0%	12,1%	12,4%	15,5%	12,4%
Eiginfráhlutfall A (lok tímabils)	10,8%	9,9%		10,8%	9,2%	9,2%	12,0%	9,4%
Hlutfall kostnaðar af tekjum	37,6%	36,2%		39,8%	34,0%	43,2%	35,9%	28,7%
Virðisrymuni/lánum, kröfum og ábyrgðum í lok tímab.	0,3%	0,2%		0,1%	0,4%	0,2%	0,3%	0,6%
Meðalstöðugildi	1.392	1.216	14,5%	1.500	1.216	1.190	1.375	1.117
Hlutfall af meðalstöðu heildarfrjámgagns								
Vaxtamunur	2,0%	1,9%		1,7%	2,0%	1,9%	2,5%	2,5%
Aðrar rekstrartekjur	1,9%	1,4%		2,6%	2,5%	2,5%	2,2%	1,6%
Önnur rekstrargjöld	1,5%	1,4%		1,7%	1,5%	1,2%	2,4%	2,9%
Framlag í afskriftareikning útlána	0,3%	0,2%		0,3%	0,4%	0,2%	0,3%	0,5%
Hagnaður	2,1%	1,6%		1,8%	2,4%	2,5%	1,7%	0,6%

12. Lán afkomusviða

	Lán og kröfur	%
Viðskiptabankasvið Ísland	601	36%
Fyrirtækjasvið	265	16%
Eignafjármögnun	44	3%
Eignastýring	1	0%
Einkabankaþjónusta	17	1%
Útibúasvið	265	16%
Kreditkort	10	1%
Viðskiptabankasvið Noregur	593	35%
Glitnir Band	54	3%
BNbank	492	29%
Útibú Noregi	46	3%
Corporate Banking	450	27%
Asía og Ameríka	168	10%
Skuldsett fjármögnun	66	4%
Norður Evrópa	147	9%
Bretland og Suður Evrópa	69	4%
Fjárfestingabankasvið	4	0%
Markaðsviðskipti	28	2%
Heild	1.676	100%

13. Kennitölur 2001-2006

	2006	2005	2004	2003*	2002*	2001*
Arðsemi eigin fjár	39,4%	30,3%	43,8%	30,1%	18,2%	24,5%
Hagnaður á hlut	2,68	1,48	1,18	0,63	0,38	0,33
Eiginfjárlutfall skv. CAD (lok tímabils)	15,0%	12,6%	12,4%	11,4%	12,7%	12,2%
Eiginfjárlutfall A (lok tímabils)	10,8%	9,9%	9,4%	8,0%	10,1%	9,0%
Hlutfall kostnaðar af tekjum	37,6%	37,9%	47,7%	50,0%	54,8%	55,0%
Heildareignir (lok tímabils)	2.246.339	1.472.250	677.316	443.943	312.367	348.211
Lán og kröfur (lok tímabils)	1.760.368	1.174.733	524.020	315.166	252.996	260.026
Innlán (lok tímabils)	516.848	334.792	178.278	107.672	85.827	77.823
Eigið fé (lok tímabils)	146.118	84.750	48.474	29.423	20.964	20.287
Starfsmannafjöldi (lok tímabils)	1.518	1.153	1.141	1.085	815	828
Verð á hlut (lok tímabils)	23,3	17,3	11,2	6,4	4,7	4,3
V/H hlutfall (lok tímabils)	8,7	11,7	9,5	10,2	12,4	13,4
Arður á hlut	0,66	0,38	0,35	0,23	0,17	0,13
Arðgreiðsluhlutfall	24,6%	25,7%	29,7%	36,5%	45,0%	40,0%
Hlutfé	14.265	13.112	11.081	10.080	9.400	9.700
Hlutabréfaverð/bókfært verð hluta (lok tímabils)	2,27	2,68	2,56	2,19	2,11	2,08
Markaðsvirði (lok tímabils)	332.375	226.838	124.107	64.512	44.180	42.098

* Upphæðum ekki breytt til samræmis við alþjóðlega

14. Áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Glitnir hefur birt reikninga sína í samræmi við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila (IFRS) síðan 1. janúar 2005. Samanburðartölur frá árinu 2004 hafa verið leiðréttaðar fyrir breyttum reikningsskilastöðlum.

Norskir reikningsskilastaðlar

Þegar reikningar dótturfélaga Glitnis í Noregi eru bornir saman við samstæðureikning ber tölum ekki saman því norsku félögin gera upp samkvæmt norskum reikningsskilastöðlum (NGAAP). Samkvæmt þeim er uppgreiðsluþóknunum dreift á samningstíma lánanna. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS), sem samstæðan fer eftir, á að tekjufæra þessar þóknarir þegar þær verða til. Samkvæmt IFRS þarf að meta vaxtaafleiður til gangvirðis. BNbank hefur sérgreint lánasafn sem samanstendur af lánum með vöxtum sem líkjast afleiðu safninu og þetta lánasafn er einnig fært á gangvirði. Þetta er í meginatriðum munurinn á tölunum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og norskum.

15. Rekstrarreikningur og lykiltölur

Athygli er vakin á því að BNbank er hluti af samstæðu bankans frá 1. apríl 2005 og Sjóvá var hluti af samstæðu bankans til 31. mars 2005. Sjóvá var hlutdeildarfélag frá og með 2. ársfjórðungi 2005 til 1. maí 2006 þegar Glitnir seldi hlut sinn í Sjóvá að fullu.

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • Ísland

Sími: 440-4000 • Fax: 440-4001

Kt. 550500-3530 • Netfang: glitnir@glitnir.is